



Námskrá Gljúfur 2021 -2022 Árgangur 2018

Símanúmer leikskólans er: 433-1260

Gljúfur: 433-1272

Gljúfur gsm: 853-0272

Deildarstjóri: Sigurrós Ingimarsdóttir

Starfsfólk Gljúfurs 2021-2022

Rós

Sigurrós Ingimarsdóttir, leikskólakennari/deildarstjóri
80% starfshlutfall

Eyrún

Eyrún Þorleifsdóttir, grunnskólakennari
100% starfshlutfall

Gerður

Gerður Helga Helgadóttir, leikskólakennari
60% starfshlutfall

Helga

Helga Dóra Rúnarsdóttir, leiðbeinandi (nemi í
leikskólakennarafræðum)
70% starfshlutfall

María

Marís Rós Björnsdóttir, leiðbeinandi (ferðamálafræði)
100% starfshlutfall

Telma

Telma Björk Helgadóttir, leiðbeinandi (nemi í þroskaþjálfrafræðum)
70% starfshlutfall

Áhersluatriði skólaárið 2017-2018:

- ❖ Leikur
- ❖ Efla sjálfsmynd og félagsþroska
- ❖ Kenna börnunum að virð mörk
- ❖ Sjálfstæði
- ❖ Efla málþroska
- ❖ Jóga
- ❖ Hreyfing
- ❖ Sköpun
- ❖ Efla úthald og einbeitningu

Verkefni sem við ætlum m.a. að vinna í vetur;

- Ég sjálfur- „hvað heiti ég“, hvað er ég gamall, hvað heita foreldrar mínir osfrv.
- Læra að leika saman og deila með öðrum
- Læra söngva, -söngva og hreyfileikir
- Markviss málörvun/ -Lubbi finnur málbein
- Myndsköpun/Skynúrvinnsla – málum, lærum litina og málum með fingrum og tām.
- Líkaminn minn- hvar er hvað og hvað heitir hvað á líkamanum,!

Leikurinn

Leikurinn er ekki bara afþreying heldur þroskast börn, þjálfast og læra ýmislegt í gegnum hann. Mikilvægt er að umhverfi og efniviður henti þeim aldri sem verið er að vinna með. Börnin verða að fá nægja hvatningu og örvun til þess að þau rannsaki, uppgötvi og þroskist í gegnum leikinn. Passa þarf að taka mið af hverju og einu barni, þannig að þau fái að leika sér á sínum forsendum. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Við leggjum mikla áherslu á að gefa leiknum tíma og leitumst við að skapa umhverfi og aðstæður þar sem börnin geta þróað leiki sína og fái tíma til að gleyma sér í leik.

Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins, í gegnum leikin vinna börnin úr reynslu sinni, hugsunum og tilfinningum. Við hvetjum börnin til að sækja sjálf það sem þau þurfa í leikinn og ganga frá eftir sig. Frjálsi leikurinn fær gott rími í dagskipulagi deildanna og leggjum við mikið upp úr því að börnin læri að una sér í



leiknum, máta sig í ýmiss hlutverk og vinna úr reynslu sinni. Í gegnum leikinn læra þau að leysa úr ágreiningasmálum.

Jóga

Leikskólinn Akrasel leggur áherslur á jóga með börnum. Við erum með skipulagðar jógaástundir einu sinni í viku á hverri deild. Í þessum stundum fara börnin í jógaleiki, slökun og fá e.t.v. nudd frá hvert öðru. Með slíkri nánd skapast öryggi milli barnanna og því minni líkur á árekstrum á meðal þeirra. Jóga er alhliða lífsspeki sem stuðlar að samtengingu líkama og hugar. Jógaástandun með börnum miðar að því að þau viðhaldi meðfæddum liðleika, byggi upp styrk og auki sveigjanleika, jafnvægi, einbeitningu, auk þess að stuðla að spennulosun og innri ró. Æfingar eru fléttaðar inn í leiki og sögur eða þeim búin umgjörð sem börnunum þykir áhugaverð og skírskotar til reynsluheims þeirra.

Þrjár áherslupættir eru í jóga fyrir þennan aldur:

- Góðvild
- Kærleikur
- Þakklæti



Gott að muna

Mikilvægt að börnin séu í fötum sem eru þægileg til að hreyfa sig í.

Umhverfismennt

Leikskólinn leggur mikla áherslur á umhverfismennt og endurvinnslu. Við erum grænfánaleikskóli sem hefur fengið grænfánann 6 sinnum. Markmið leikskólans eru að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar og upplifi af eigin raun og læra að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska. Umhverfismenntun samvinnast við endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem felst m.a. í flokkun og endurnýtingu. Við moltum allan ávaxta- og brauðúrgang. Við erum með tvennskonar moltun. Við notum annars vegar bokashi tunnur inn á þær eru svo tæmdar í moltu trumblu sem eru úti á lóð. Hins vegar eru við með haugorma í kassa á hverri deild og þeir sjá um að breyta mat í mold.

Gott að vita:

Að við notum og nýtum alls konar efnivið sem fellur til heima! Það má gjarna koma með morgunkornskassa og jóгурtdósir á leikskólann.

Skynúrvinnsla

Yngstu börnin nota skynfæri sín mikið til að kanna og uppgötva hlutina og er það þeirra leið til að auka andlegan- og líkamlegan þroska sinn. Skynfærin eru augu, eyru, nef, tunga og húð. Þroski barnsins byggist á samspili á milli þessara skynfæra og vitsmuna. Við ætlum að vinna með skynúrvinnslu með því að veita börnunum upplifanir í gegn um skynfærin sín. Líkamsskyn, heyrnarskyn, snertiskyn, sjónskyn og bragð og lyktarskyn. Þá fá börnin markvissa örvun sem gegna mikilvægu hlutverki í þroska þeirra. Við ætlum að vinna með skynúrvinnslu í vetur.

Við ætlum t.d. að:

- Leika úti, í sandkassanum, í rólum, á hjólum, við klifur, stökk, hopp og hlaup
- Fara í göngutúra
- Fara í Jóga
- Stimpla handafar (með málningu)
- Leika með vatn
- Dansa
- Fara í hreyfileiki
- Fara í Jóga
- Leika með leir

Markmiðin með þessari vinnu eru:

- Að efla sjálfsvitund barnanna
- Að börnin þekki og skynji líkama sinn
- Að auka rýmisgreind



Hreyfing

Við hreyfum okkur mikið bæði utandyra og innan. Hreyfing er börnum nauðsynleg fyrir eðlilegan þroska, vöxt, og andlega vellíðan. Mikilvægast er að börn hafi tækifæri til að stunda fjölbreytta hreyfingu sem þeim finnst skemmtileg og er í samræmi við færni þeirra og getu. Við hreyfingu verður til sameiginlegur leikur sem skapar m.a. tækifæri til að þjálfra hreyfifærni, styrkja tengslamyndun, bæta líkamshreysti, eignast vini, auka félagslega færni og efla sjálfstraust.

Í Akraseli er mikið lagt upp úr því að hafa hreyfinguna fjölbreytta og áhugaverða.

Það gerum við með því að:

- fara í alls konar ævintýraferðir út fyrir malbikið og upplifum í leiðinni landslagið og náttúruna
- setja upp mismunandi þrautabrautir í salnum
- dansa við tónlist inná deildum og í sal
- fara í útiveru í garðinum



- stunda jóga (úti og inni)
- leika í frjálsum leik inná deild
- börnin klæði sig sjálf í og úr útifatnaði

Gott að muna:

Mikilvægt er að börnin séu í fötum sem eru þægileg til að hreyfa sig í og einnig sem þau eiga auðvelt með að klæða sig í og úr sjálf.

Útivera

Við förum a.m.k. einu sinni út á dag og er það yfirleitt fyrir hádegi. Og þegar að veðrið er gott förum við líka út eftir nónhressingu. Einu sinni í viku förum við í ferðir, gönguferðir, strætóferðir eða hjólaferðir.

Gott að muna:

Að börnin hafi meðferðis klæðnað og skófatnað sem hentar veðri hverju sinni. Betra að hafa meira en minna.




Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða og er því félagslegt í eðli sínu. Í Akraseli nýtum við nærveru og samvinnu til þess að styrkja þekkingu, leikni, upplifun, tilfinningar, skoðanir og hæfni til að lesa í umhverfið.

Við lesum alltaf einu sinni á dag og eru þær lestrarstundir ekki bara upplestur, heldur einnig leikur og spjall um innihald bókarinnar. Með því erum við að ýta undir áhuga barnanna í bókum og ævintýraheim þeirra ásamt því að auka orðaforða, skilning og frásagnarhæfni.

Lubbi




Námsefni Lubba eflir hljóðkerfisvitund barna. Lubba „verkefnin“ eru fólgin í því að hjálpa Lubba að finna málbein. Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur að gelta og þá heyrir „voff - voff.“ En Lubba langar mikið til að læra að tala. Þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Hann veit að þegar hann hefur lært þau öll losnar um málbeinið og hann getur leyst frá skjóðunni. Hann hefur örugglega frá mörgu að segja. Til að ná því marki þarf hann að leysa ýmsar skemmtilegar þrautir í Hljóðasmiðju Lubba, t.d. að mynda máhljóðin

alveg rétt og tengja þau saman, klappa atkvæði, ríma, leita uppi bókstafi, raða

málbeinum saman í orð, lesa orðin og svara skemmtilegum spurningum. Hann þarf örugglega á aðstoð að halda.

Í janúar byrjar skemmtilegt verkefni sem stuðlar að auknum lestri heima og í leikskólanum. Allir fá lubba með sér heim, velja sér bók/bækur, lesa fyrir hann heima með foreldrum sínum og koma svo með bókina í leikskólann. Barnið segir okkur svo frá innihaldi bókarinnar hér í leikskólanum og við lesum hana fyrir allan hópinn.



Sköpun

Að skapa er börnum eðlislegt. Börn eru skapandi í hugsun og það að fara td í hlutverkaleik er merki um skapandi hugsun. Að teikna, mála, líma, klippa og byggja úr kubbum eru nokkur fárra dæma um skapandi verkefni sem við tökum okkur fyrir hendur á Akraseli. Að búa til og þróa með ímyndunaraflíð, áhugann og gleðina að vopni er eitt af því dásamlegasta í leikskóladegi barnanna og þannig daga viljum við hafa allan daginn, alla daga vikunnar, því með æfingunni verður maður meistari.

Stærðfræði/rökhugsun/hugtakaskilningur

Stærðfræðinám leikskólabarna einkennist af námi í gegnum leik. Umhverfið býður okkur upp á fjölbreytt viðfangsefni og veitir börnunum möguleika á að læra í leik. T.d. Að telja dýrin þegar við erum í dýraleik, eða telja börnin sem eru með í samverunni ræða í leiðinni um það hvort allir séu mættir og hvað vantar marga osfr. Við spilum fjölbreytt spil sem reyna td. á afstöðu hugtök, rökhugsun, stærðfræði og minni. Að leika hreyfileiki, fara eftir leikreglum, læra að dansa og spila á hljóðfæri eftir takt. Í tiltekt æfum við okkur að flokka og telja dót. í dagsins önn læra börnin hvað er yfir og undir, hvað er stærri og minni, hver er munurinn á einum og mörgum osfrv.

Gott að muna:

Að tala um hluti, fjölda og athafnir í hversdagslegum athöfnum heima. T.d. nefna matartegundir, liti, stærð, fjölda o.s.frv..

Samverustundir

Við erum með tvær-þrjár samverustundir á hverjum degi.

Kl 9:00 allir boðnir velkomnir, borðum ávexti, förum yfir verkefni dagsins

Kl 11:15 samvera og söngur

Kl 15:00-15:30 lestur

Hreinlætisvenjur

Við munum halda áfram að æfa sjálfstæði barnanna á salerni og almennar hreinlætisvenjur, eins og handþvott og fl.Við sóttreinsum borð eftir alla matartíma og salerni á hverjum degi.

Máltíðir

Við leggjum áherslu á góða borðsiði og að nota hnífapör þegar við erum að borða. Börnin eiga sitt fasta sæti við sama borð og kennarinn skiptir mánaðarlega. Börnin ganga sjálf frá eftir sig á matarvagninn og setja brauð og ávaxtaafganga í moltufötuna.

Gott að vita:

Í leikskólanum er lögð áhersla á fjölbreyttan mat og hollan. Enginn hvítur sykur er notaður í matseld. Í morgunmat er í boði ýmist hafragrautur, kornflex eða weetabix, ásamt-AB mjólk. Misjafnt er hvað boðið er upp á sem meðlæti en það getur verið t.d. kanill, kókosmjöl, músli, heimalagað eplamauk, rúsínur, gráfíkjur, trönuber ofl. Við hvetjum börnin til að smakka! Boðið er upp á Lýsi. Matseðill leikskólans er að finna á Karellen og hangir einnig fyrir framan deildarnar.

Fataherbergi

Í fataherberginu ætla börnin að læra að bíða í hólfunum sínum, klæða sig sjálf í og úr og læra þannig þolinmæði og sjálfstæði.



Foreldrasamstarf

Mikilvægt er fyrir alla að gott samstarf sé á milli foreldra og leikskóla. Núna þegar heimsfararaldur geysar, hefur foreldrarsamvinnan verið með örlítið breyttu snið. Þessi daglegu samskipti eru ekki eins og áður. Það er alltaf hægt að biðja um fund til að ræða málin og svo er líka gott að hringja og tala við okkur 433 1272. Við viljum edilega heyra meira frá ykkur en minna. Myndir, fréttir og tilkynningar fara reglulega inn á Völu og heimasíðu leikskólans akrasel.is. Foreldarviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti þar sem farið er yfir líðan barnsins og að vori þar sem farið er yfir þroskamát og líðan. Foreldraviðtölin á haustin eru val foreldra.

Gott að muna:

Foreldrum er alltaf velkomið að koma og tala við deildastjóra og aðra kennara. Ef það er eitthvað sem ykkur finnst ábótavant eða eruð ánægð með viljum við gjarnan fá að heyra það.

Agi

Þar sem við erum að kenna börnunum að njóta sín í hóp barna, er mikilvægt að börnin fari eftir ákveðnum samfélagslegum reglum. Þannig að ef að barn getur ekki farið eftir þeim reglum, eins og td ef þau meiða aðra, eru ókurteis eða taka reiðikast, þá tökum við börnin út úr hópnum þar sem við ræðum við þau og leyfum þeim að jafna sig. Þegar börnin eru tekin út úr hópnum er alltaf starfmaður með þeim.

Gott að vita:

Foreldrum er alltaf velkomið að koma og tala við deildastjóra ef þeir vilja fá ráðgjöf varðandi uppeldi og hvernig eigi að setja börnum mörk.

Dagsskipulag:

Við leggjum mikla áherslu á vellíðan og gleði í leik og starfi. Í dagsskipulaginu okkar höfum við áætlað rúman tíma í flest, þannig að við liggjum ekki undir þeirri pressu að börnin geti ekki klárað leikinn sinn. Dagsskipulagið er viðmið sem við vinnum út frá, það er ekki heilagt, tímasetningar skal taka með fyrirvara. Í leikskólastarfinu riðlast tímasetningar vegna ólíkra verkefna, vegna þess að stundum eru börnin misjafnlega upplögð eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Barnið og þarfir þess eru ávallt í brennidepli.

KI 7.30	Leikskólinn opnar Klettur
KI 7:45	Gljúfur opnar
KI 8.00	Morgunverður
KI 9.00	Samvera og ávaxtastund
KI 9.15	Verkefni dagsins
KI 10-11	útivera
KI 11:15	Samvera
KI 11.30	Hádegisverður
KI 12.00	Hvíld
KI 14:00	Frjáls leikur
KI 14.30	Nónhressing
KI 15.00	Lestur
KI 15.30	Frjáls leikur/útivera
KI 16.15	Deildar sameinast á Kletti
KI 16.30	Leikskólinn lokar



Verkefni Dagsins

MÁNUD: **guli** og **rauði** í hópastarf (Jóga og einingak) **Græni** og **blái** fara í útiveru

ÞRIÐJUD: allir í gönguferð

MIDVIKUD: **Græni** og **blái** í hópastarf (Jóga og einingak) **Guli** og **rauði** fara í útiveru

FIMMTUD: **Guli** og **Græni** í hópastarf (Lubbi og Salur) **rauði** og **blái** fara í útiveru

FÖSTUD: **Rauði** og **blái** í hópastarf (Lubbi og Salur) **Guli** og **græni** fara í útiveru